

Yndislestur í ensku

ENSK3YL03

Í þessum valáfanga í ensku er áhersla lögð á yndislestur með það fyrir augum að gefa nemendum tækifæri á að skoða fjölbreytt bókmenntaverk og að nemendur þrói bæði lestraráhuga og getu. Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum og þau þjálfast í að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar.

Undanfari: ENSK2TM05

Leyndardómur æskunnar

ENSK3LÆ05

Í áfanganum kynnst nemendur heimi enskra barna- og unglingabókmennta, nemendur lesa valdar bækur sem verða greindar út frá fjölbreyttum bókmenntastefnum ásamt því að horfa á og vinna með þætti og kvikmyndir sem tengjast bókunum. Nemendur velja sér bækur, ásamt öðru efni til að skoða og bera saman. Má þar nefna Bangsímón, Mary Poppins, Paddington, Matthildur, Doddi, Harry Potter ásamt fleirum bókmenntaverkefnum og kvikmyndum.

Undanfari: ENSK2TM05

Beyoncé – Black History

ENSK3BB05

Í áfanganum verður fengist við bandaríska menningu, með áherslu á innflytjendameningu og þá sérstaklega menningu Bandaríkjamanna af afrískum uppruna. Kafað verður í kynþáttamálefni og verður aðaláherslan á stöðuna í samfélaginu í dag, þó komið verði inn á söguna frá þrælahaldi til ársins 2016. Allur efniviður verður sóttur í og mun hafa skírskotun í tónlist og tónlistarmyndbönd söngkonunnar Beyoncé, enda hafa bæði textar hennar og myndbönd vakið upp viðbrögð meðal almennings í Bandaríkjunum, jákvæð sem neikvæð.

Undanfari: ENSK2TM05

Danskar kvikmyndir og leikstjórar

DANS3KL05

Í þessum áfanga munum við skoða danskar kvikmyndir, umdeilda (og ekki svo umdeilda) leikstjóra sem og óskarsverðlaunahafa í dönsku kvikmyndalífi. Nemendur munu vinna með kvikmyndir á mismunandi hátt, m.a. í formi kvikmyndagreininga og/eða kynninga. Það verður mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Að auki verður 1 skáldsaga lesin á önninni og velja nemendur sjálfir hvaða bók þeir vilja lesa í samráði við kennara, en það eru fjölmargir spennandi danskir rithöfundar að hasla sér völl í heiminum í dag.

Undanfari: DANS2LT05

Tölvunotkun – Myndvinnsla og tölvuteikning

TÖLN1MY02,

Í þessum grunnáfanga í tölvunotkun er farið yfir notkun á myndvinnsluforritinu Gimp og teikniforritunum Sketchup og Inkscape. Áhersla verður á að efni áfangans komi nemendum að noti í námi og starfi sínu.

Markmiðasetning og þjálfun

HEST2MP05

Um er að ræða verklegan áfanga.

Nemendur setja sér skýr markmið fyrir önnina. Þetta á bæði við um markmið sem snúa að reiðmennsku en einnig að hestinum.

Nemendur mæta með eigin hest í verklega tíma og vinna markvisst að settum markmiðum. Hluti áfangans er sjálfsstæð vinna.

Það má koma með hesta á ýmsum stigum tamningar en verða þó að vera reiðfærir og hrekklausir.

Undanfari: HEST1HE05 eða knapamerki 4

Miðausturlandasaga

SAGA3MA05

Fjallað er um tilurð ríkja í Miðausturlöndum eftir fyrri heimsstyrjöld og aðkomu Evrópuríkja og Bandaríkjanna að málefnum þessa heimshluta. Þá er fjallað um íslam, upphaf, þróun og sögu þessara trúarbragða og samspil við stjórnmál í gegnum tíðina. Þá verða kannaðar orsakir fyrir deilum Ísraels og Palestínuaraba og ljósi varpað á stöðuna eins og hún blasir við nú um stundir. Staða kvenna í Miðausturlöndum verður sérstaklega skoðuð. Þá verða kannaðar ástæður fyrir uppgangi ýmissa „herskárra“ hópa í Miðausturlöndum og aðgerðum þeirra innan sem utan þess landsvæðis. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemandans, auka víðsýni hans, rökhugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð